

## **Stjórn Gígjunnar, símafundur 27. september 2018 kl 17-17:45.**

Mættar; Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður og Una Þórey Sigurðardóttir ritari.

Fjarverandi; Astrid Sörensen gjaldkeri og Valgerður Hanna Úlfarsdóttir meðstjórnandi.

### **Dagskrá fundar:**

1. Aðalfundur.
2. Fjölís – samningur.
3. Önnur mál.

**1. Aðalfundur** Gígjunnar verður haldinn laugardaginn 20.október 2018 kl. 13:00 í Söngskólanum Domus vox, Laugavegi 116, Reykjavík.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Það vantar konur í stjórn Gígjunnar, Una Þórey Sigurðardóttir hefur tilkynnt að hún muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Óvíst er hvort Valgerður Hanna Úlfarsdóttir sitji áfram

Undir liðnum önnur mál verður kynning á landsmóti íslenskra kvennakóra sem fram fer í Reykjavík vorið 2020. Kvennakór Reykjavíkur mun halda mótið að þessu sinni.

**2. Samningur** Gígjunnar við Fjölís. Leið 1 er hagstæðust fyrir aðildarkóra Gígjunnar að mati stjórnar og munu kórar spara töluverðar upphæðir eftir að ný gjaldskrá Fjölís hefur tekið gildi. Stjórn leggur til að leið nr 1 verði samþykkt, með þeim fyrirvara að innheimta gjalda verði þannig að Fjölís útbúi reikninga á aðildarkórana og innheimti. Gígjan hefur ekki bolmagn til þess leggja út fyrir gjöldunum og rukka svo kórana. Samningurinn verður borinn undir næsta aðalfund til samþykktar.

Síðasta starfsár, 31. ágúst 2017 til 1. september 2018 fellur undir gamla samninginn. Nýr samningur mun taka gildi frá og með 1. september 2018.

### **3. Önnur mál.**

**a. Gjaldkeri Gígjunnar**, Astrid Sörensem gat ekki mætt á fundinn en sendi fundarkonum skjal þar sem fram kemur fjárhagsstaða Gígjunnar og fleira. Astrid segir að innheimta félagsgjalda hafi almennt gengið mjög vel. Nokkrir kórar skuldi þó enn félagsgjöld. Etthvað hafi verið spurt um greiðsluseðla vegna félagsgjalda en engir slíkir hafi verið sendir út. Astrid spyr hvort ástæða sé til að

gera það næst. Fundarkonur eru sammála um að þeim kórum sem skuldi verði send vinsamleg beiðni um að gera skil hið fyrsta áður en farið verður í innheimtuaðgerðir. Einnig að ekki sé ástæða til að senda út greiðsluseðla vegna félagsgjalda, núverandi fyrirkomulag, það er að senda rafræna rúkkun sé nóg.

**b. Rætt var um tengsl Gígjunnar** við aðildarkóra og öfugt, tengsl kóranna við Gígjuna. Það hefur ekki verið mikið um að aðildarkórar setji inn upplýsingar um starfsemi kóranna á heimasíðu og fésbókarsíðu Gígjunnar. Þetta á líka við um síðuna „Ég er í kvennakór“. Það virðist svo að hver kór láti nægja að auglýsa viðburði á sinni heimasíðu og eða í sínu nærumhverfi. Rætt var um hvernig megi bæta samskiptin og opna starf kvennakóra út á við. Fram kom tillaga um að hver kór tilnefndi tengilið sem hefði það hlutverk að miðla upplýsingum um starfsemi kórsins til Gígjunnar. Spurning um að ræða þetta betur á aðalfundi Gígjunnar.

**Að lokum**, stjórn ákvað að frekari undirbúningur aðalfundar færi fram í spjalli á netinu. Stjórn ætlar að hittast kl 11:00 sama dag og aðalfundur fer fram.

Fundi slitið kl 17:45. Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir